

Alþingi
Erindi nr. P 138/758
komudagur 15.12.2009

Framhaldsskólinn í
Austur-Skaftafellssýslu




Hornafjörður 14.12. 2009

Nefndasvið Alþingis
Sigrún Helga
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn um frumvarp til laga um framhaldsfræðslu.

Viðfangsefni frumvarpsins er sá þriðjungur fullorðinna á Íslandi sem ekki hefur lokið framhaldsskólamenntun. Lausnir framhaldsskólakerfisins fyrir þetta fólk hafa augljóslega ekki dugað en þó er ýmislegt að gerast innan framhaldsskóla sem tekur á vandanum. Ný lög um framhaldsskóla gefa framhaldsskólum enn fremur tækifæri til að mæta þörfum þessa hóps betur en áður. Gætt hefur tortryggni og fordóma á milli fólks í framhaldsskólakerfinu og þeirra sem sinnt hafa fullorðinsfræðslu, framhaldsfræðslu. Til að draga úr þeirri tortryggni og þeim fordómum sem fyrir eru er mikilvægt að myndaður verði samstarfsvettvangur framhaldsskóla og framhaldsfræðsluaðila. Þetta mætti til dæmis gera með því að setja inn lögín ákvæði um ársfund framhaldsskóla og framhaldsfræðsluaðila. Einnig mætti setja inn í 5.gr. ákvæði um samstarf og að framhaldsskólar fái fulltrúa í stjórn Fræðslusjóðs sem fjallað er um í 11. gr. Bestum árangri tel ég þó að við námum með svæðisbundnu skipulögðu samstarfi framhaldsskóla og framhaldsfræðsluaðila, byggt á kerfi símenntunarmiðstöðva og þekkingarneta sem þróast hefur á undanförunum árum.


Eyjólfur Guðmundsson skólameistari